

## Lykilupplýsingar

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu.

## Markmið og fjárfestingarstefna

### Markmið

Markmið sjóðsins er að fjárfesta í hlutabréfum íslenskra hlutfélaga og hlutafélaga með starfsemi á Íslandi, sem skráð eru í NASDAQ OMX Nordic Iceland, First North markaðnum, eða annarri viðurkenndri kauphöll eða markaðstorgi fjármálagerninga. Markmið sjóðsins er að veita fjárfestum kost á að fjárfesta í sjóði sem fjárfestir í félögum sem sögulega greiða arð eða eru líkleg til að greiða arð innan 12 mánaða.

### Fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum íslenskra hlutafélaga, bæði sem skráð eru á markað sem og í óskráðum íslenskum hlutafélögum. Sjóðurinn mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélagsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun bæði með að kaupa og selja óskráðar eignir sem og skráðar eignir.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda þeirra í samræmi við reglur hans. Innlausnargengi er reiknað daglega. Athygli er vakin á því að við sérstakar aðstæður kann innlausn að verða frestað

Sjóðurinn er arðgreiðslusjóður og greiðir þann arð og uppsafnaða vexti sem greiddur er af fjárfestingu hans í hlutabréfum og víxlum til hlutdeildarskírteinishafa sinna.

**Ráðlegging:** sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 3 ára.

## Áhætta og ávöxtun



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

### Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir

- Sjóðurinn fellur í flokk 6 þar sem gengi hluta hans hefur verið háð miklum breytingum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið mikil.
- Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspeglar framtíðaráhættusnið sjóðsins.
- Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum.
- Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.
- Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.

### Frekari upplýsingar um áhættu

Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins er að finna í útboðslýsingu hans sem liggur frammi á starfsstöð félagsins og á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

## Gjöld fyrir þennan sjóð

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu

**Gjald við kaup** 1,45%

**Gjald við sölu** 0%

Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu.

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli


**Viðvarandi gjöld** 1,36%

Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður

**Árangurstengd þóknun** Engin

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

## Fyrri árangur



**Gjöld vegna kaupa og sölu** eru hámarksgjöld sem rekstraraðila er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins.

**Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2021\*.** Upplýsingarnar taka mið af mati á líklegum sviðsmyndum í rekstri sjóðsins til framtíðar. Þær kunna að sæta fyrirvaralausum endurrætti. Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilin eru: Viðskiptakostnaður vegna eignasafns, nema þar sem sjóðurinn greiðir gjald vegna kaupa og sölu hlutdeildarskírteina í öðrum sjóði.

\*Frá 15. febrúar 2021

**Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á skrifstofu rekstraraðila eða á [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).**

Ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísbending um ávöxtun í framtíð.

Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana.

Sjóðurinn er stofnaður árið 2021. Gögn um fyrri árangur sjóðsins liggja því ekki fyrir við útgáfu þessa skjals.

Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

## Hagnýtar upplýsingar

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Arion banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, eintök af útboðslýsingu hans, ársreikning og árshlutareikning, á íslensku, eru fáanleg án endurgjalds á skrifstofu félagsins og á heimasíðu þess, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is). Þar er jafnframt að finna gengi sjóðsins.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996.

Fjárfestum er bent á að skattalöggjöf heimaríkis þeirra kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Stefnir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar fjárfestingarsjóðsins.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru aðeins gefin út í einum flokki.